

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfjörður, 7. nóvember 2019

Tilv.:2019-10-24-2133/0.2

Efni: Breyting á lögum um lax- og silungsveiðar nr. 61/2006, 251. mál.

Fiskistofa vísar til tölvupósts frá nefndarsviði alþingis, dags. 24. október, þar sem Fiskistofu er boðið að senda inn umsögn vegna frumvarps um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (minnihlutavernd, gerð arðskráa o.fl.), 251. mál.

Í 1. grein frumvarpsins er vísað til skilgreiningar laga nr. 116/2006 á tengdum aðilum. Fiskistofa vill minna á það sem fram kemur í kafla 5.3. í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Eftirlit Fiskistofu -stjórnsýsluúttekt, 17.01.2019. Að mati Fiskistofu væri heppilegra að styðjast við skilgreiningar á tengdum aðilum, móðurfélag og dótturfélag í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 þegar um félög með takmarkaðri ábyrgð er að ræða í stað þess að styðjast við 4. mgr. 13. gr. laga nr. 116/2006. Fiskistofa hefur áður komið á framfæri ýmsum tillögum í þá veru að bæta umrætt ákvæði um tengda aðila í 4. mgr. 13. gr. laga nr. 116/2006 og er fjallað um þær í tilvitnaðri skýrslu. Fiskistofa bendir á þetta sérstakleg vegna þess að ef til ágreinings kemur um þetta atriði má búast við því að ákvörðun veiðifélags verði kærð til Fiskistofu, í samræmi við 43 gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Afar mikilvægt er að ekki leiki vafi á því hvernig greina megi tengda aðila.

Í 2. grein er gert ráð fyrir því að í matsnefnd verði einn tilnefndur af Hafrannsóknastofnun. Fiskistofa bendir á að mat kann að byggjast á gögnum sem Hafrannsóknastofnun hefur aflað. Hugsanlega getur því komið upp sú staða að efast megi um hæfi fulltrúa Hafrannsóknastofnunar. Ekki verður breyting á 3. mgr. 44. gr. laganna sem kveður m.a. á um það að nefndin geti kallað eftir „*rannsókn á lífríki vatns sem hefur þýðingu fyrir úrlausn máls*“. Oft eru það fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar sem fengnir eru í slík störf. Fiskistofa bendir þó á að mat á skiptingu arðs byggir á landfræðilegum, líffræðilegum og fiskifræðilegum þáttum og getur því aðkoma fiskifræðings að störfum nefndarinnar verið gagnleg.

Jafnframt þessu bendir Fiskistofa á að samkvæmt núgildandi lögum skulu tveir nefndarmenn uppfylla hæfi héraðsdómara. Breytingin sem hér er lögð til er á þann veg að ekki verði gerð sérstök krafa um að neinn nefndarmaður hafi lögfræðilegan bakgrunn. Fiskistofa telur rétt að tryggt verði að í nefndinni verði a.m.k einn löglærður aðili, til þess að tryggja sem best vandaða stjórnsýslu og málsmeðferð.

Eitt af þv. TRAUST - FRAMSEKNI - VIRÐING með frumvarpinu er að komið hafi fram í skýrslu starfshóps frá 2015 um störf arðskrárnefndar er að það veki athygli hópsins að kostnaður sé hár þrátt fyrir að þær upplýsingar sem hafðar eru til grundvallar matinu liggi oft fyrir. Ástæða væri til að yfirfara verklag nefndarinnar með það að markmiði að lækka kostnað. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvort eða hvernig verklagi verði breytt, til þess að lækka megi kostnað.

Fiskistofa bendir einnig á að matsnefnd er ætlað að fjalla um fleiri mál heldur en arðskrármat, þó það hafi vissulega verið stærsta verkefni nefndarinnar. Margvísleg önnur mál geta borist nefndinni svo sem vegna ósamats á vatnasvæðum, veiðiréttar og bótaréttar (sbr. 2. mgr. 8. gr., 4. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 6. mgr. 15. gr., 2. mgr. 16. gr., 4. mgr. 22. gr., 3. mgr. 24. gr, 7. mgr. 28. gr., 4. mgr. 29. gr., 4. mgr. 34. gr., 2. mgr. 35. gr., 2. mgr. 36. gr, 4. og 5. mgr. 41. gr., 2. mgr. 45 gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum)

Virðingarfyllst,
fh. Fiskistofu



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs